

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 14/2005

Ævintýri ehf.

gegn

Neytendastofu

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 14. júlí 2005, hafa Ævintýri ehf. kært ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2005, dags. 22. júní 2005. Í hinni kærðu ákvörðun komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að áfrýjandi hefði með notkun á orðinu hópbílar í tengslum við firmanafn sitt brotið gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og bannaði jafnframt áfrýjanda að nota orðið í tengslum við firmanafnið.

Af kærðu áfrýjanda má ráða að hann krefjist þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Af hálfu Neytendastofu er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Málavextir

Samkeppnisstofnun barst hinn 16. mars 2004 erindi lögmanns Hópbíla hf., þar sem kvartað var yfir meintri ólögmati notkun áfrýjanda á orðinu hópbílar. Fram kom m.a. að Hópbílar hf. væru umsvifamikið fyrirtæki í rekstri hópferðabifreiða og ætti alls 23 hópferðabifreiðar af öllum stærðum og gerðum. Fyrirtækið, sem stofnað hafi verið árið 1992, hafi frá árinu 1995 notað nafnið Hópbílar hf. í kynningu á starfsemi þess. Þá hafi fyrirtækið fengið úthlutað léninu hópílar.is árið 1998. Hinn 6. mars 2004 hafi Hópbílum hf. verið bent á að áfrýjandi, sem er keppninautur fyrirtækisins, notaði heitið hópbílar við kynningu. Þannig hafi áfrýjandi verið skráður undir leitarorðinu hópbílar í símaskránni á veraldarvefnum. Taldi kvartandi sig hafa öðlast vörumerkjarétt yfir heitinu hópbílar á grundvelli notkunar, sbr. 3. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997. Að hans mati hefði áfrýjandi ekki rétt til að nota orðið.

Erindi Hópbíla hf. var sent áfrýjanda til umsagnar. Áfrýjandi mótmælti því að notkun hans á orðinu hópbílar væri ólögmat. Vísaði hann m.a. til þess að hann legði ekki áherslu á orðið hópbílar, það væri eingöngu notað með nafni fyrirtækisins sem skýring á aðalstarfsemi þess, þ.e. hópferðabjónustu. Útlit bifreiða áfrýjanda sé mjög ólíkt útliti Hópbíla hf. og það væri ekki ásetningur áfrýjanda að skapa rugling milli fyrirtækjanna. Hópferðabjónusta fyrirtækisins væri kynnt bæði sem Ævintýri ehf. hópbílar og Hópbílar Ævintýris ehf. Frá því í maí 2002 hafi áletrunin Hópbílar Ævintýris ehf. verið á hliðum og á bakhliðum á tveimur hópferðabifreiðum fyrirtækisins. Taldi áfrýjandi því kvörtun Hópbíla hf. of seint fram komna.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar er að öðru leyti lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 22. júní 2005 var ákvörðun tekin í málinu. Ákvörðunarorð hljóða svo:

„Ævintýri ehf., Krókabyggð 12, Mosfellsbæ, hefur með notkun á orðinu hópbílar í tengslum við firmanafn sitt brotið gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með vísan til 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Ævintýri ehf. að nota orðið hópbílar í tengslum við firmanafn sitt.

Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Neytendastofu barst 29. júlí 2005 og var hún send áfrýjanda til andmæla. Barst nefndinni bréf frá áfrýjanda hinn 5. ágúst 2005 þar sem fram kom að hann vísaði máli sínu til stuðnings að öllu leyti til málflutnings fyrir samkeppnisráði og kæru sinnar. Þá var málið sent lögmanni Hópbíla hf. til kynningar og fyrirtækinu gefinn kostur á að skila inn athugasemdum. Bárust þær hinn 15. ágúst 2005.

Rétt er að taka fram að hinn 1. júlí 2005 tóku gildi ný samkeppnislög og með þeim var Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð lagt niður. Hafa Samkeppniseftirlitið og Neytendastofa tekið við hlutverki Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs. Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins eru kærnanlegar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sbr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, en ákvarðanir Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála, sbr. 24. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Þar sem þetta mál fer eftir ákvæðum eldri samkeppnislaga, og framangreind lög hafa ekki að geyma ákvæði um lagaskil, taldi áfrýjunarnefnd samkeppnismála rétt að hún úrskurðaði í málinu enda hefur því ekki verið andmælt.

III.

Sjónarmið áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að orðin Hópbílar Ævintýris ehf. hafi verið skráð í símaskrá sem uppsláttarheiti við hlið Hópbíla hf. í nokkur ár. Komi því til skoðunar

tómlætissjónarmið. Þar sem ekki hafi verið brugðist fyrr við notkun orðsins hafi fyrrsvarsmenn áfrýjanda mátt ætla að Hópbílar hf. hefðu ekkert við hana að athuga.

Áfrýjandi bendir á að sé orðinu hópbíll slegið inn á leitarvél google.com komi m.a. upp heimasíða brimborgar.is (verðlisti bifreiða) og et.is (stundaskrá – aukin ökuréttindi). Sé orðinu hópbílar slegið inn komi m.a. upp heimasíðan teitur.is sem sé í samsvarandi rekstri og áfrýjandi. Telur áfrýjandi að af þessu megi ráða að orðið hafi unnið sér nokkurn sess í íslensku máli.

Sjónarmið Neytendastofu

Af hálfu Neytendastofu er vísað til forsenda hinnar kærðu ákvörðunar. Vegna ábendinga áfrýjanda um tómlætissjónarmið er sérstaklega vísað til þess að lög um óréttmæta viðskiptahætti kveði ekki á um tímamörk hvað kvartanir varði.

IV.

Niðurstaða

Fram er komið að fyrirtækið Hópbílar hf. hafi verið skrásett með því nafni frá árinu 1995 en fyrirtækið var stofnað 3. janúar 1992 undir öðru firmaheiti. Hópbílar hf. hafa því rétt til firmanafnsins. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki getur vörumerkjaréttur stofnast með notkun vörumerkis sem er og hefur verið notað hér á landi fyrir vörur eða þjónustu. Því er ljóst að vörumerkjaréttur getur stofnast við upphaf notkunar án þess að markaðsfestu hafi verið náð. Merkið verður þó ávallt að fullnægja skilyrðum 13. gr. vörumerkjalaga um sérkenni til þess að geta notið verndar.

Enginn ágreiningur er um það milli aðila máls þessa að fyrirtækið Hópbílar hf. hafi notað auðkennið Hópbílar í kynningu á starfsemi sinni með þeim hætti sem gerð er grein fyrir í málinu. Þykir merkið án tvímæla til þess fallið að greina þjónustu fyrirtækisins frá svipaðri þjónustu annarra. Ber því að líta svo á að fyrirtækið Hópbílar hf. hafi réttilega notað fyrst vörumerki það sem hér um ræðir og njóti því verndar sem m.a. nær til þess að önnur fyrirtæki noti ekki þetta heiti þannig að ruglingshætta skapist, sbr. 1.mgr. 4. gr.

vörumerkjalaga, sbr. einnig 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markarins nr. 57/2005).

Áfrýjandi heldur því m.a. fram að hann leggi ekki áherslu á orðið hóp bílar heldur sé það aðeins notað með nafni fyrirtækisins sem skýring á aðalstarfsemi þess auk þess sem útlit bifreiða fyrirtækjanna sé mjög ólíkt. Við mat á því hvort ruglingshætta geti skapast skiptir einkum máli að fyrirtæki þau sem hér um ræðir starfa við rekstur hópferðabifreiða og eru keppendur á því sviði. Við bætist að orðið hóp bílar er notað í tengslum við firmanafn áfrýjanda. Með þetta í huga þykir tvímælalaust að ruglingshætta sé fyrir hendi.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur engu breyta um niðurstöðu máls þessa þótt áfrýjandi kunni að hafa notað fyrrgreint heiti í símaskrá eða með öðrum hætti um nokkurn tíma. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að fyrirtækið Hóp bílar hf. hafi glatað rétti sínum með tómlæti eða með öðrum hætti.

Af framansögðu leiðir að staðfesta má fyrirbyggjandi ákvörðun þó þannig að bannið taki gildi fjórum vikum eftir birtingu úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2005 frá 22. júní 2005 er staðfest. Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu úrskurðar þessa.

Reykjavík, 25. ágúst 2005

Stefán Már Stefánsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir